

Drög að verndaráætlun fyrir Skrúð í Dýrafirði - til umsagnar

Til : Sighvatur Jón Þórarinnsson;Bygg
Frá : Ásta Hermannsdóttir <asta@minjastofnun.is>
CC : Agnes Stefánsdóttir <agnes@minjastofnun.is>
Heiti : Drög að verndaráætlun fyrir Skrúð í Dýrafirði - til umsagnar
Málsnúmer : 2021090072
Málsaðili : Minjastofnun Íslands
Skráð dags : 24.11.2021 11:18:19
Höfundur : Ásta Hermannsdóttir <asta@minjastofnun.is>

Viðhengi [Skrúður verndaráætlun_í sniðmáti_effir ath okt 2021.docx](#)
[Skrúður verndaráætlun_í sniðmáti_effir ath okt 2021.docx](#)
[image001.jpg](#)
[image001.jpg](#)

Góðan daginn,

meðfylgjandi eru drög að verndaráætlun fyrir garðinn Skrúð í Dýrafirði. Verndaráætlunin er unnin af Minjastofnun Íslands og fékk stofnunin liðsinni félagsmanna í Framkvæmdasjóði Skrúðs við að fylla inn upplýsingar um gróður, þróun og framkvæmdir í garðinum.

Haft hefur verið samband við Ísafjarðarbæ af og til í gengum vinnslu áætlunarinnar, sem hefur því miður dregist á langinn og tekið dágóðan tíma, en nú viljum við leggja drögin formlega fyrir bæinn, sem landeiganda og einn helsta hagsmunaaðila, til umsagnar.

Í drögunum er gengið út frá því að friðlýsing garðsins verði gengin í gegn áður en verndaráætlunin verður samþykkt, en friðlýsingin er í ferli og hefur Ísafjarðarbær sent sínar athugasemdir við þau áform.

Póst þennan fá garðyrkjufulltrúi og sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, en við óskum eftir því að drögunum verði komið áfram til viðeigandi aðila innan stjórnkerfis Ísafjarðarbæjar eftir því sem þörf er á.

Gott væri að fá athugasemdir við drögin send fyrir 10. desember.

Sérstaklega óskum við eftir tillögum að aðgerðum í aðgerðaáætlun, og í kjölfarið samtali um þær aðgerðir sem ákveðið verður að setja á aðgerðaáætlun fyrsta kastið.

Bestu kveðjur,
Ásta Hermannsd.



Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Ásta Hermannsdóttir

Verkefnastjóri / Project Manager

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvsstyrelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

asta@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is